

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 85/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Gunnari Gísla Jónssyni Waage

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 10. ágúst 1971, segir m. a. svo:

„A = staður varðskipisins kl. 1012 h. 29/4 '71 við hlið bátsins. Staður A mælist um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Staður varðskipisins kl. 1013 við hlið bátsins mælist um 1,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varðskipisins kl. 1012 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes ratsjár varðskipisins viðurkenna ($\pm 2\frac{1}{2}\%$ af fjarlægðum fyrir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A₁ auðkenndur með rauðum lit. Staður A₁ mælist um 1,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna“.

Hinn 17. ágúst 1971 ritaði saksóknari ríkisins sjávarútvegsráðuneytinu bréf og beiddist umsagnar ráðuneytisins um það, „hvort orðið „botnvarpa“ í 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, taki að þess áliti til rækjuvörpu“ og hvort rækjuveiðileyfi ákærða „takmarkist af nefndri reglugerð nr. 23/1971, bæði með hliðsjón af því, að fyrir lægi, að um hreinar rækjuveiðar væri að ræða, svo og þegar afli er með þeim hætti“, sem fram komi í matsgerð í málinu.

Í svari ráðuneytisins, dagsettu 20. ágúst 1971, segir svo: „Orðið „botnvarpa“ í 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, tekur að dómi ráðuneytisins til rækjuvörpu alveg á sama hátt og 1. mgr. 1. gr. l. 21/1969 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, en rækjuveiðileyfið á dskj. nr. 5 veitir handhafa þess einmitt undanþágu frá þessu síðarnefnda ákvæði. Rækjuveiðileyfum er einungis ætlað að veita almennar undanþágur á tilteknum svæðum frá hinu almenna bannákvæði 1. mgr. 1. gr. l. 21/1969. Þeim er ekki ætlað að veita undanþágur frá öðrum þeim sérreglum, sem í gildi kunna að vera á hverjum tíma á viðkomandi svæðum, enda þyrfti, að áliti ráðuneytisins, að taka skírlega fram í leyfum, frá hvaða sérreglum þau veittu undanþágur — væri þeim ætlað að gera það. Ekki verður séð, að samsetning afla skipti máli í þessu sambandi, en ljóst er, að ef vísvitandi er veiddur annar fiskur en rækja, þá er um misnotkun á rækjuveiðileyfi að ræða, og varðar slík misnotkun fyrirvaralausum missi rækjuveiðileyfis eftir ákvörðun ráðuneytisins“.

Að tilhlutun Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðsksipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðsksipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni undirréttardómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgum, sé radarendurvarp frá fjaraskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningsmælistaðnum Gálgum. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætla hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgum. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningsmælistaðnum.

Vitnið kveðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.“.

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum“. Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans“.

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn áliti vera fjarskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi“.

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varðsupsins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjarskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjarskiptaskermunum er hins vegar sett út frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjarskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar, eða um 0,14 sjóm., og áttin frá Gálgum til skermisins um 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A₁ frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi“.

Þá hefur ákærði einnig komið fyrir sakadóm. Hefur hann lýst því, „að hann hafi verið að veiðum með rækjutroll á rækjumiðum og verið að leita að rækju“.

Í bréfi 2. nóvember 1971 hefur Hafrannsóknastofnunin gert grein fyrir afskiptum sínum af rækjuveiðum í aprílmánuði 1971, og segir í bréfi þessu m. a.: „Í apríl s.l. gerði Hafrannsóknastofnunin tilraunir með nýja gerð af rækjuvörpu á Eldeyjarmiðum um borð í m.s. Snarfara, KÓ 17, sem tekinn var á leigu í þessu skyni. Tilgangur tilraunanna var að kanna, að hve miklu leyti mætti koma í veg fyrir óæskilega veiði á smáýsu við rækjuveiðarnar með því að nota nýja vörpugerð. Samkvæmt tillögu stofnunarinnar var rækjuveiði bönnuð á svæðinu á þessum tíma. Þar sem nauðsyn bar til að hafa einn bát til samanburðar við tilraunaskipið, fór stofnunin fram á það við sjávarútvegsráðuneytið, að einum báti yrði veitt veiðileyfi að nýju. Þar sem einungis lágu fyrir 3 umsóknir um rækjuleyfi á þessum tíma, var ákveðið að verða við öllum umsóknunum. Þeir bátar, sem leyfi fengu, voru Arni Ólafur, GK 315, Snorri, KE 131, og Freyja, GK 48“.

Af því, sem að framan er rakið og öðrum gögnum málsins, verður að telja sannað, að skip ákærða, Freyja, GK 48, hafi í umrætt sinn verið að veiðum með rækjuvörpu (kampalampavörpu) á svæði því, sem um er fjallað í 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Með ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 er ráðherra veitt almenn heimild til að undanþiggja kamalampa- og leturhumarveiðar veiðibanni því, sem boðið er í 1. mgr. sömu greinar, og ákveða, hvar þessar veiðar skuli leyfðar. Með sérákvæðum 2. gr. er skipum heimilað að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á ákveðnum svæðum og tímum samkvæmt því, sem nánar getur í greininni. Innan þessara leyfðu svæða er ráðherra þó með reglugerð heimilt að banna veiðar þessar á tilteknum svæðum. Þeirri undanþáguheimild beitti ráðherra með setningu reglugerðar nr. 23/1971, en 1. tl. 1. gr. hennar bannar botnvörpuveiðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971, m. a. á svæði því, þar sem ákærði var að veiðum. Þegar framangreind ákvæði eru virt, verða þau ekki örugglega skýrð þannig, að þeim sé ætlað að þrengja hina almennu heimild ráðherra samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 til að veita vél-

bátum leyfi til kampalampa- og leturhumarveiða innan fisk-veiðilandhelginnar.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, veitti sjávarútvegsráðuneytið hinn 19. apríl 1971 ákærða leyfi til að stunda rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi á tímabilinu frá 19. apríl til 30. apríl 1971. Ákærði var því að veiðum á því svæði, er honum höfðu verið heimilaðar veiðar, þegar varðskipið kom að honum að veiðum með rækjuvörpu hinn 29. apríl 1971, en óumdeilt er, að rækjuveiðar og rækjuvarpa sé hið sama og kampalampaveiðar og kampalampavarpa. Ber því samkvæmt þessu að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Gísli Jónsson Waage, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Sannað er, að ákærði var hinn 29. apríl 1971 á vélbát sínum, Freyju, GK 48, að veiðum með rækjuvörpu á sjávarsvæði, þar sem bannað var að stunda botnvörpuveiðar á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt upphafs-ákvæði og 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi. Reglugerð þessi er reist á friðunarsjónarmiðum og geymir eftir orðum sínum og svo yfirlýstum vilja og tilgangi sjávarútvegsráðuneytisins bann við hvers konar botnvörpuveiðum á hinu

tilgreinda svæði. Var og ætlun ráðuneytisins, að bannið tæki einnig til rækjuveiða með botnvörpu. Var ráðuneytinu rétt og fullheimilt að lögum að lýsa yfir því í reglugerðinni með þeim hætti, sem það gerði, að það mundi eigi, meðan reglugerðin stæði, veita leyfi til rækjuveiða með botnvörpu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 á því svæði og á þeim tíma, sem í áminnztri reglugerð getur.

Nú veitti sjávarútvegsráðuneytið ákærða með bréfi 19. apríl 1971 leyfi til að stunda á vélbát sínum, Freyju, GK 48, „rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi, enda verði veiðar þessar stundaðar í fullu samráði við Hafrannsóknastofnunina og undir eftirliti hennar“. Í leyfisbréfinu var eigi vísað til reglugerðar nr. 23/1971 um takmörkun á leyfinu, svo sem vera bar, þar sem bannsvæði reglugerðarinnar var hluti þess svæðis, sem leyfisbréfið eftir orðum sínum tók yfir. Ráðuneytið mátti eigi fella ákvæði reglugerðarinnar úr gildi með undanþáguleyfum til einstakra aðilja, alla þá stund, sem það breytti eigi sjálfri reglugerðinni. Það hefur vottað í bréfi 20. ágúst 1971, að það hafi alls eigi hugsað sér að hrófla við reglugerðinni, er það veitti ákærða nefnt leyfi, heldur hafi leyfisbréfið takmarkast af henni. Verður að lögum hvorki gengið fram hjá reglugerð nr. 23/1971 né yfirlýsingu sjávarútvegsráðuneytisins. Hafa því verið brotin lög þau, sem í ákæru greinir.

Grunnreglur laga nr. 62/1967 og laga nr. 21/1969 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu eru reistar á sérstæðum refsisjónarmiðum. Skipstjóri skips, sem staðinn hefur verið að ólöglegum veiðum eða meðferð veiðarfæra, verður einn skipverja sóttur til saka. Leggja má lögðald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum á hendur skipstjóra og kostnaði. Auk þess skulu afli og veiðarfæri skips, sem verið hefur að veiðum, gert upptækt. Nú næst ekki til skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út að broti og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Það tíðkast við með-

ferð saksóknar samkvæmt lögum nr. 62/1967 að láta meta afla og veiðarfæri skips þess, sem í hlut á. Er þá oftlega sett trygging fyrir matsfjárhæðinni, og er að henni gengið, þá er fullnaðarsakfelling er fyrir hendi. Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að fésektum og upptöku samkvæmt nefndum lögum sé í veigamiklum greinum beitt á mjög áþekkum refsigrundvelli.

Þeirri fullyrðingu ákærða verður eigi hafnað, að hann hafi skilið leyfisbréf sitt þannig, að honum væri rétt að veiða á bannsvæði reglugerðar nr. 23/1971. Rétt telst að túlka lög nr. 62/1967 og lög nr. 21/1969 samkvæmt lögstefnu sinni og með hliðsjón af 3. tl. og niðurlagsákvæði 74. gr. laga nr. 19/1940 þannig, að rétt sé að fella niður refsingu á hendur ákærða og svo upptöku á afla og veiðarfærum vélbáts hans, Freyju, GK 48.

Eftir atvikum er rétt samkvæmt rýmkaði skýringu á 140. gr. laga nr. 82/1961 að leggja kostnað af sök þessari á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem eru ákveðin samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Fellð er niður refsing á hendur ákærða, Gunnari Gísla Jónssyni Waage, og svo upptaka á afla og veiðarfærum vélbáts hans, Freyju, GK 48.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. maí 1971.

Ár 1971, laugardaginn 1. maí, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarsyni og Árna Sigurðssyni, fyrrum skipstjórum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 538/1971: Ákærvaldið gegn Gunnari Gísla Jónssyni Waage.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara

ríkisins, dagsettri 30. apríl 1971, höfðað á hendur Gunnari Gísla Jónssyni Waage, Stekkum 20, Patreksfirði, skipstjóra á vélbátnum Freyju, GK 48, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti fimmtudaginn 29. apríl 1971 frá því árla morguns og fram til kl. 1330 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákærast því nefndur Gunnar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 7. júlí 1923 á Tjaldanesi, Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og hefur ekki áður sætt kær-um eða refsingum utan einu sinni með dómssátt verið gerð kr. 200.00 sekt vegna áfengislagabrots.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Þrastar Sigtryggssonar, skipherra á varðskipinu Óðni, dagsettri 29. apríl 1971, að fimmtudaginn 29. apríl 1971, kl. 1012, er varðskipið var við eftirlitsstörf í Miðnessjó, „var komið að m/b Freyju, GK 48, þar sem hún var að toga með skutvörpu. Staður:

Eldey, fjarl. 15.9 sjóm.

Gálgar, fjarl. 11.0 sjóm.

Gefur það stað bátsins um 1.3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 1013 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Eldey, fjarl. 16.0 sjóm.

Gálgar, fjarl. 11.0 sjóm.

Um kl. 1015 var skipstjóra bátsins sagt að fara til hafnar. Kvaðst hann vera með rækjutroll og veiðileyfi og vilja athuga málið. Var honum sagt, að allar veiðar á svæðinu væru bannaðar nema línu- og netaveiðar.

Kl. um 1300 var komið aftur að bátnum, en hann hafði ekki híft inn vörpuna, var honum skipað að gera það strax.

Kl. 1310 fór 1. stýrimaður varðskipins um borð í bátinn til

athugunar á vörpu hans. Kom í ljós, að um rækjuvörpu var að ræða, í henni voru 2½ poki af fiski, mest þorski og eitthvað af ýsu, en engin rækja.

Kl. 1330 hélt báturinn til Sandgerðis, en skipstjóri hans kvaðst mundu mæta fyrir rétti í Reykjavík eða Hafnarfirði.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0.2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar af 1. og 2. stýrimanni með KH-ratsjá, undir umsjón skipherra.

Veður ASA-4, regn, sjólítið“.

Yfirmenn varðskipsins Óðins mættu hér fyrir dómi og staðfestu vætti sín með eiði.

Þróstur Sigtryggsson skipherra staðfesti skýrslu sína. Hann kvaðst hafa séð einkennisstafi og númer bátsins svo og að hann var að toga með skutvörpu. Hann kvað 1. og 2. stýrimann hafa annazt staðarákvarðanir og hann sjálfur fylgzt með hinni síðari. Einnig hafi þeir undir eftirliti hans sett út stað bátsins í sjókort.

Kristinn Jóhann Árnason, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kvaðst af eigin raun geta borið, að skýrsla skipherrans væri rétt í öllum atriðum, og kvaðst hann hafa séð, að báturinn var að toga með skutvörpu. Hann og 2. stýrimaður hefðu annazt staðarákvarðanir og samtímis lesið fjarlægðir af ratsjárskífunni.

Hálf dán Henrýsson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kvaðst hafa séð nafn bátsins og númer og að hann hefði verið að toga með skutvörpu. Hann staðfesti staðarákvarðanir sem réttar, en þær hefði hann framkvæmt ásamt 1. stýrimanni.

Ákærði, sem er skipstjóri m/b Freyju, GK 48, kvaðst hafa farið á veiðar frá Sadgerði kl. 0600—0700 að morgni fimmtudagsins 29. apríl s.l. og haldið á veiðar með rækjubotnvörpu á þær slóðir, sem báturinn var, er varðskipið kom að honum kl. um 1000. Hann kvaðst ekki hafa haft neina ratsjá. Vefengdi hann ekki staðarákvarðanir landhelgisgæzlumanna eða að báturinn hefði, er þær voru gerðar, verið að toga með skutvörpu.

Ákærði kvaðst hafa talið, að hann hefði haft fulla heimild til að veiða á umræddum slóðum, og vísaði hann í því efni til leyfis sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dagsetts 19. apríl 1971, þar sem honum er með skírskotun til 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á lögum nr. 62/1967, leyft „að stunda rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á svæðinu fyrir Suður- og Vesturlandi allt að Snæfellsnesi ...“. Gildistími leyfisins er tímabilið 19.—30.

apríl 1971. Ekki kvaðst ákærði hafa fengið neina teljandi rækju í umrætt sinn, og reyndist aflinn vera 355 kg. af þorski og 30 kg. af skötusel.

Álit dómsins er, að hafi ákærði talið sér heimilt að veiða með botnvörpu á svæði því, er slíkar veiðar eru ekki leyfðar samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi, sé þar um lögvillu að ræða, sem ekki eigi að leiða til sýknu, þótt hún eigi nokkra stoð í óljósu orðalagi umrædds leyfis sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

Niðurstaða staðfestrar matsgerðar Guðmundar Guðmundssonar fulltrúa og Skarphéðins Kristjánssonar lögregluþjóns er sú, að afli er metinn kr. 2.695.00 og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, kr. 67.500.00.

Með eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur í umrætt sinn gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er í ákæruskjali greinir og þar er réttilega fært til lagaákvæða.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 3.992.93 pappírskrónum.

Samkvæmt skipaskrá er m/b Freyja, GK 48, 29 vergar rúmlestir.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gera ber upptækan til handa Landhelgisjórði Íslands allan afla í veiðiferð 29. apríl s.l. og veiðarfæri, þar með talda dragstrengi, vélbátsins Freyju, GK 48.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Gísli Jónsson Waage, greiði kr. 40.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli í veiðiferð 29. apríl s.l. og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Freyju, GK 48, skulu vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 131/1970. **Elías Bernburg**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Bæjarútgerð Reykjavíkur

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Kaupgjaldsmál. Réttindi vélstjóra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 93.633.58 með 8% ársvöxtum frá 14. ágúst 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og svo að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Þormóði goða, RE 209, til tryggingar greindum kröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.